



BAKKA- OG SKORHOLTSNÁMA - EFNISTAKA

Tillaga að matsáætlun

18.05.2021



SKÝRSLA – UPPLÝSINGABLAÐ

SKJALALYKILL

4954-001-TAM-V02-001

SKÝRSLUNÚMÉR / SÍÐUFJÖLDI

01 / 37

VERKEFNISSTJÓRI / FULLTRÚI VERKKAUPA

Andri Jón Sigurbjörnsson

VERKEFNISSTJÓRI EFLA

Ragnhildur Gunnarsdóttir

LYKILORÐ

Bakka- og Skorholtsnáma, efnistaka, mat á umhverfisáhrifum, matsáætlun, Melasveit, umhverfismat, náma

STAÐA SKÝRSLU

- Drög
- Drög til yfirlstrar
- Lokið

DREIFING

- Opin
- Dreifing með leyfi verkkaupa
- Trúnaðarmál

TITILL SKÝRSLU

Bakka- og Skorholtsnáma – efnistaka
Tillaga að matsáætlun

VERKHEITI

MÁU Bakka- og Skorholtsnáma

VERKKAUPI

Hólaskarð ehf.

HÖFUNDUR

Aron Geir Eggertsson
Ragnhildur Gunnarsdóttir

ÚTDRÁTTUR

Hólaskarð ehf. áformar efnistöku í Melasveit, Hvalfirði. Um er að ræða efnistöku á landskika sem liggur á milli Bakkanámu og Skorholtsnámu auk þess efnis sem enn er nýtanlegt úr Bakkanámu. Ályktað er að um 1,2 milljón m³ sé vinnanlegt úr landskikanum auk þess að um það bil 100-200 þúsund m³ sé enn vinnanlegt úr Bakkanámu. Tilgangur framkvæmdarinnar er að afla hágæða jarðefna og steinefna sem ætlað er í steypuframleiðslu. Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 en áætlað er að efnismagn verði meira en 150.000 m³ og er framkvæmdin því matsskyld skv. tl. 2.01 í fyrsta viðauka laganna. Skýrsla þessi er tillaga að matsáætlun og markar upphafið að matsferlinu. Í skýrslunni er gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd, þeim valkostum sem koma til greina, umhverfisþáttum sem taldir eru að geta orðið fyrir áhrifum og hvernig framkvæmdaraðili hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum. Drög að tillögu að matsáætlun voru birt til kynningar frá 4. febrúar til 18. febrúar 2021. Á þessum tíma gafst almenningi tækifæri til að skila inn athugasemdum við tillöguna. Að auglýsingatíma loknum var unnið að tillögu að matsáætlun sem nú liggur fyrir en þar eru drögin, ásamt athugasemdum almennings, send Skipulagsstofnun til umfjöllunar, í samræmi við lög nr. 106/2000. Almennigur og umsagnaraðilar eru hvattir til að senda athugasemdir varðandi tillöguna til Skipulagsstofnunar innan þess tímaramma sem stofnunin gefur en auk þess mun Skipulagsstofnun leita umsagna við tillögunni til viðeigandi fagaðila.

ÚTGÁFUSAGA

NR.	HÖFUNDUR	DAGS.	RÝNT	DAGS.	SAMÞYKKT	DAGS.
01	Aron Geir Eggertsson	1.3.21	Ragnhildur Gunnarsdóttir	5.3.21	Ragnhildur Gunnarsdóttir	5.3.21

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	8
1.1	Almennt	8
1.2	Mat á umhverfisáhrifum	9
1.2.1	Matskylda framkvæmdar	9
1.2.2	Umsjón með mati á umhverfisáhrifum	10
1.2.3	Tillaga að matsáætlun	10
1.2.4	Yfirlit yfir matsferlið	10
1.2.5	Tímaáætlanir framkvæmdar og matsferlis	10
2	FRAMKVÆMDALÝSING	11
2.1	Tilgangur og markmið	11
2.2	Framkvæmd	11
2.2.1	Fyrri rannsóknir og mat sem hefur verið unnið	12
2.2.2	Akstur efnis og aðkoma	14
2.2.3	Starfsmannaaðstaða	15
2.2.4	Rafmagn og ljós	15
2.3	Valkostir	15
2.3.1	Aðalvalkostur	15
2.3.2	Aðrir valkostir	15
2.3.3	Núllkostur	16
3	FRAMKVÆMDASVÆÐI OG SKIPULAGSÁÆTLANIR	17
3.1	Staðsetning og staðhættir	17
3.2	Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir	19
3.2.1	Aðalskipulag	19
3.2.2	Deiliskipulag	20
3.3	Eignarhald	20
3.4	Leyfi sem framkvæmdin er háð	21
4	MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM	22
4.1	Tilgangur mats á umhverfisáhrifum	22
4.2	Framkvæmdaþættir sem hafa áhrif á umhverfið	22
4.2.1	Jarðrask af völdum efnistöku	22
4.2.2	Verkþættir á framkvæmdatíma og umferð á rekstartíma	23
4.3	Afmörkun áhrifasvæðis framkvæmdar	23
4.4	Umhverfisþættir sem geta orðið fyrir áhrifum	23
4.5	Umhverfisþættir sem fjallað verður um í frummatsskýrslu	23
4.5.1	Jarðfræði og jarðmyndanir	24
4.5.2	Landslag og sjónrænir þættir	24
4.5.3	Áhrif vegna foks	25
4.6	Umhverfisþættir sem ekki er talin þörf á að skoða nánar í frummatsskýrslu	26
4.6.1	Gróður og vistgerðir	26
4.6.2	Hljóðvist og umferð	26
4.6.3	Samfélag og atvinnulíf	26

4.6.4	Vatnsvernd	26
4.6.5	Fornminjar	27
5	KYNNING OG SAMRÁÐ	28
5.1	Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun	28
5.2	Tillaga að matsáætlun	28
5.3	Kynning á frummatsskýrslu	28
6	HEIMILDASKRÁ	29
VIÐAUKI A	ATHUGASEMDIR VIÐ DRÖG AÐ TILLÖGU AÐ MATSÁÆTLUN	30
VIÐAUKI B	SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA VIÐ ATHUGASEMDUM	34

MYNDASKRÁ

MYND 1.1	Yfirlitsmynd af fyrirhuguðu efnistökusvæði. Gula svæðið markar svæðið sem enn er óunnið úr Bakkanámu og rauða svæðið markar efnistöku á nýju efnistökusvæði, sem er í landi Skorholts. Mynd: Landmælingar Íslands _____	9
MYND 1.2	Ferli mats á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000. _____	10
MYND 2.1	Borholur sem teknar voru sumarið 2020 til að athuga efnisamsetningu og efnismagn á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Mynd: Landmælingar Íslands _____	14
MYND 3.1	Staðsetning Bakka- og Skorholtsnámu, merkt með rauðu. Kort: Landmælingar Íslands _____	18
MYND 3.2	Fyrirhugað framkvæmdarsvæði. Horft er til suðvesturs yfir núverandi tún (Mynd: Hólaskarð) _____	18
MYND 3.3	Bakkanáma og fyrirhugað nýtt efnistökusvæði vestan við Bakkanámu, þ.e. vinstra megin á myndinni (Mynd: Hólaskarð). _____	19
MYND 3.4	Hluti aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar (mynd: Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar) _____	20
MYND 4.1	Skjáskot úr vindatlas Veðurstofu Íslands. Framkvæmdarsvæði er auðkennt með rauðum punkti _____	25

1 INNGANGUR

1.1 Almennt

Í þessari skýrslu er sett fram tillaga að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum fyrir efnistöku í Melasveit. Um er að ræða efnistöku á landskíka sem liggur á milli Bakkanámu og Skorholtsnámu auk þess efnis sem enn er nýtanlegt úr Bakkanámu.

Við kaup Steypustöðvarinnar á Loftorku árið 2017 fékk Steypustöðin rétt til að vinna efni úr Bakkanámu en efnistaka úr námunni hófst í kringum 1970. Steypustöðin lét gera athuganir á efnismagni námunnar sem sýndi að nýtanlegur hluti efnis Bakkanámu er af skornum skammti og því þörf á að stækka efnistökusvæðið. Athuganirnar, sem nánar verður fjallað um í drögum, sýndu að álitlegt svæði til efnistöku er á túni sem staðsett er á milli Bakkanámu og Skorholtsnámu. Túnið er um fimm hektarar að stærð og tilheyrir landi Skorholts. Gert er ráð fyrir 1,2 milljón m³ af vinnanlegu efni undir túninu sé miðað við að hægt sé að vinna niður á 26 m dýpi og að efst sé um 1 m jarðvegslag en túnið er um 5 ha að stærð. Það er þó með fyrirvara um breytileika í jarðlögum innan svæðisins. Þegar hafa verið raskað um 5-6 ha úr Bakkanámu. Framkvæmdaraðili fyrirhugaðar framkvæmdir er Hólaskarð ehf. en Hólaskarð er dótturfyrirtæki Steypustöðvarinnar. BM Vallá er framkvæmdaraðili þeirrar efnistöku sem fram fer í Skorholtsnámu en um þessar mundir er ráðgjafarfyrirtækið Environice ehf. að vinna mat á umhverfisáhrifum á stækkun Skorholtsnámu fyrir BM Vallá.

Eftir hátt í 50 ár í notkun er nýtanlegt magn efnis í Bakkanámu af skornum skammti en þó er hluti námunnar enn nýtanlegur. Áætlað er að efnismagn sem enn er óunnið úr Bakkanámu sé um 100–200 þúsund m³.

Umhverfismat þetta nær til efnistöku á umræddu túni milli Bakka- og Skorholtsnámu auk þeirrar efnistöku sem enn er eftir í Bakkanámu. Áætluð efnistaka á svæðunum tveimur sem fjallað er um í matinu nemur því um 1,4 milljón m³ og er áætlað að vinnslutími sé um 10 - 15 ár. Nánar verður fjallað um vinnslutíma í frummatsskýrslu. Í ljósi þess að áformuð efnistaka er meiri en 150.000 m³ þá er framkvæmdin matsskyld samkvæmt tl. 2.01 í öðrum viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Þar sem efni hefur verið unnið Bakkanámu í langan tíma hafa umhverfisáhrif að mestu komið fram og ekki talin þörf á ígrunduðu mati á því efnistökusvæði. Matið mun því einblína á umhverfisáhrif sem verða við efnistöku á nýju efnistökusvæði auk þess að lýsa hvernig frágangi verður

háttað í Bakkanámu þegar efnistöku þar lýkur. [Mynd 1.1](#) er yfirlitsmynd af fyrirhuguðu efnistökusvæði en gula svæðið markar svæðið sem enn er óunnið úr Bakkanámu og rauða svæðið markar efnistöku á nýju efnistökusvæði, sem er í landi Skorholts.

Með aukinni umhverfisvitund hafa kröfur á efnistökusvæði aukist. Í auknu mæli eru kaupendur efnis farnir að ætlast til að efnid komi frá viðurkenndum námum og séu með öll tilheyrandi leyfi. Auk þess getur umhverfismatið verið mikilvægt til að byggingar standist kröfur vottana og staðla. Landsspítalinn er meðal viðskiptavina Hólaskarðs og kemur efnid af svæðinu til með að vera notað í byggingar hjá þeim. Landsspítalinn sækist eftir því að nýbyggingar sínar séu BREEAM vottaðar en val á umhverfisvænum byggingarefnum er meðal þátta sem horft er að leita til þegar kemur að úthlutun vottunarinnar og umhverfismatið mikilvægur hlekkur í því ferli. Hólaskarði er hagrur í því að námur hafi farið í gegnum matsferli þar sem framkvæmdaraðilum sem sækjast eftir slíkum vottunum fer fjölgandi.



MYND 1.1 Yfirlitsmynd af fyrirhuguðu efnistökusvæði. Gula svæðið markar svæðið sem enn er óunnið úr Bakkanámu og rauða svæðið markar efnistöku á nýju efnistökusvæði, sem er í landi Skorholts. Mynd: Landmælingar Íslands

1.2 Mat á umhverfisáhrifum

1.2.1 Matskylda framkvæmdar

Matið er unnið samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og reglugerð um mat á umhverfisáhrifum nr. 660/2015. Um er að ræða viðbót við núverandi efnistöku á svæðinu sem nemur meira magni en 150.000 m³ og er á svæði sem er stærra en 5 ha. Samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum fellur framkvæmdin því undir flokk A, þ.e. framkvæmd sem ávallt er háð umhverfismati, með vísan til töluliða tl. 2.01 og tl. 13.01 í 1. viðauka laganna.

1.2.2 Umsjón með mati á umhverfisáhrifum

Framkvæmdaaðili umhverfismatsins er Hólaskarð ehf. Umsjón með matsvinnu er í höndum EFLU verkfræðistofu. Verkefnastjórn matsvinnunnar annast Ragnhildur Gunnarsdóttir fyrir hönd EFLU verkfræðistofu og Andri Jón Sigurbjörnsson fyrir hönd Hólaskarðs ehf.


1.2.3 Tillaga að matsáætlun

Tillaga að matsáætlun er verkáætlun fyrir fyrirhugað mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Í tillögu að matsáætlun er gerð grein fyrir framkvæmdinni, framkvæmda- og áhrifsvæði hennar ásamt þeim þáttum umhverfisins sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum. Í matsáætlun er því jafnframt lýst hvernig staðið verður að rannsóknum og mati á áhrifum.

Samkvæmt 16. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum skal framkvæmdaaðili leita samráðs eins snemma og kostur er og kynna umsagnaraðilum og almenningi tillögu að matsáætlun.

1.2.4 Yfirlit yfir matsferlið

Aðferðin sem beitt er við mat á umhverfisáhrifum er í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og reglugerð nr. 660/2015. [MYND 1.2](#) sýnir yfirlit yfir matsferlið. Nánari upplýsingar um matsferlið má finna á vef Skipulagsstofnunar, www.skipulag.is.



MYND 1.2 Ferli mats á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000.

1.2.5 Tímaáætlanir framkvæmdar og matsferlis

Áætlað er að senda tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar í mars 2021. Stefnt er að því að frummatsskýrsla sé send inn til meðferðar Skipulagsstofnunar síðla sumars og að álit Skipulagsstofnunar á matsskýrslu geti legið fyrir í lok árs 2021.

2 FRAMKVÆMDALÝSING

2.1 Tilgangur og markmið

Tilgangur framkvæmdarinnar er að afla hágæða jarðefna og steinefna sem ætlað er í steypuframleiðslu. Með aukinni umhverfisvitund eykst krafa á umhverfisvottaðar byggingarvörur og er tilgangur matsins að meta umhverfisáhrif námanna og reyna að stuðla að því að efnið og efnisvinnslan hafi sem minnst umhverfisáhrif í för með sér. Þannig má nýta efnið í framkvæmdir sem leitast eftir því að uppfylla kröfur sínar á markaði sem er í sífelldri þróun og miðar að því að valda sem minnstum umhverfisáhrifum.

2.2 Framkvæmd

Efnistaka hefur farið fram á svæðinu um áratugi og hefur efni verið unnið bæði í Bakkanámu og Skorholtsnámu. Sú efnistaka er enn í vinnslu í dag en gert er ráð fyrir að nýja vinnslusvæðið sem unnið verði á næstu árum sé um 5 ha til viðbótar við eldra námusvæði og áætlað er að um 1,2 milljón m³ sé af vinnanlegu efni á hinu nýja svæði. Þar að auki hyggst Hólaskarð nýta það efni sem enn er til staðar í Bakkanámu en áætlað magn er um 100 – 200 þúsund m³. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um hversu mikið efni hefur verið unnið úr Bakkanámu. Þó má áætla að um það bil 250.000 m³ hafi verið unnir sé miðað við að náman hafi verið unnin niður á 5-7 metra dýpi. Framkvæmdarsvæðið miðast við það land sem fellur undir efnistöku sjálfa en að auki þarf að taka tillit til þeirrar umferðar og umfangs sem verður á rekstrartíma vegna vinnslu og efnisflutnings. Efni er flutt frá Skorholti og yfir í Hólabrúnámu þar sem efnið er fullunnið, því mun ekki safnast upp stór lager á námusvæðinu sjálfu heldur verður efninu keyrt í burtu nánast samstundis. Þó gæti myndast lager af yfirstærð (22mm+) sem seinna er svo brotið niður í efni til vegagerðar.

Í Hólabrú hefur verið unnið efni, bæði til steypugerðar, vegagerðar og í fyllingar frá árinu 1956. Þar er staðsett hátækni fylliefna þvottavél ásamt töluverðu magni af hörpum, brjótum og öðrum efnisvinnslutækjum. Þar er einnig nýleg vigt sem vigtar allt efni sem fer inn í námuna og út úr henni. Þar að auki er stórt verkstæði í námunni ásamt starfsmannaaðstöðu.

Efnisvinnslan felst í mokstri og ruðningi á lausum jarðlögum, ámokstri og akstri efnis frá námu. Vinnslan fer þannig fram að fyrst er um 50 cm af jarðvegi rutt ofan af yfirborði og þar fyrir neðan tekur við hreint efni. Því efni er svo mokað í hörpu sem flokkar efnið í stærðir. Efni er unnið í 0-4 mm steypusand, 4-8 mm steypuperlu, 8-16 mm steypuperlu og 16-22 mm steypumöl. Yfirstærð er svo notuð eftir því sem við á, hvort sem það er brotið og notað sem malbikunarefni eða sem drenperla. Jarðveginum sem er rutt ofan af svæðinu er svo komið fyrir í mön við veginn bæði til að geyma jarðveg og til þess að minnka sjónræn áhrif, jarðveginum er svo dreift yfir svæðið þegar efnistöku er lokið.

Glögglega sést í Bakkanámu að grunnvatnsstaða á svæðinu er fremur há og því er ekki hægt að vinna efnið niður fyrir um það bil 10 metra hæð án þess að vatn safnist saman. Því þarf að reyna að ræsa fram eitthvað af því vatni sem safnast saman á svæðinu. Hagkvæmasta leiðin til að vinna efnið sem er í landi Skorholts er að byrja á því að ryðja jarðvegi ofan af svæðinu, gras og mold, og verður það efni notað til þess að búa til mön sem mun liggja á milli námunnar og Melarsveitarvegs. Að því loknu mun vinnslan byrja frá Bakkanámu og verður stálið unnið í sömu hæð og naman stendur í dag, eða um það bil 10 metra dýpt. Vinnslan færi frá Bakkanámu og í austurátt þar sem efstu 10 metrarnir væru unnir. Þegar vinnslan verður komin alveg í austurendann á túninu þarf að lækka vatnsyfirborð sem liggur þar fyrir neðan og vinna svo frá austri til vesturs að Bakkanámu. Ekki liggur nákvæmlega fyrir að svo stöddu hvort vatn muni safnast saman í nýju námunni eða leita undan þrýstingi og safnast saman í gömlu Bakkanámunni, eins og er nú þegar. Framkvæmdaraðili hefur nú verið að leita leiða til að koma í veg fyrir tjarnarmyndun í námunum og voru nýlega framkvæmdar mælingar til að kanna möguleika þess að leggja lögn frá námunni og niður fyrir veg til að drena námuna. Fyrstu mælingar gefa til kynna að það muni ganga upp en nánar verður fjallað um vinnslutilhögun á ráðstafanir gagnvart vatnssöfnun í frummatsskýrslu. Nánari útskýringar á vinnslutilhögun mun vera í frummatsskýrslu.

Sökum þess að vinnslusvæðið er ekki mjög stórt er erfitt að áfangaskipta því þar sem alltaf þarf að vera nægilegt svæði fyrir hörpur og hjólaskóflur til að athafna sig. Auk þess er gerir fyrrnefnd grunnvatnssöfnun, og leiðir til að vinna gegn henni, framkvæmdaraðila erfitt fyrir með áfangaskiptingu. Þegar svæðið verður unnið aftur til baka frá austri til vesturs er þó möguleiki á að ganga frá austurhlutasvæðisins þegar það hefur verið fullunnið.

Í frummatsskýrslu verður sett fram áætlun um vinnslu í námunni þar sem fjallað verður um afmörkun, vinnslutíma, vinnslutilhögun, vinnsluaðferðir, aðstöðu verktaka og frágangsaætlun. Auk þess verður fjallað um hvernig frágangi efnistökusvæðisins hefur verið háttað til þessa. Í samráði við landeigendur nærliggjandi jarða verður þróuð stefnumótun varðandi uppbyggingu jarðvegsmana með tilliti til ásýndar og bindingu jarðvegs.

2.2.1 Fyrri rannsóknir og mat sem hefur verið unnið

Steypuefni fyrir höfuðborgarsvæðið og Borgarnes hefur meðal annars verið unnið í Hólabrúnámu frá árinu 1956 en þegar Hólaskarði varð ljóst að nýtanlegt efni í námunni væri að klárast hófust athuganir á hvar möguleiki væri á frekari efnistöku. Þrjár staðir í Melasveit komu til greina og voru gerðar efnisrannsóknir þar á. Staðirnir eru Ás, Geldingaá og landskikinn milli Bakka- og Skorholtsnámu. Rannsóknir á efnasamsetningu sýndu að svipað efni var í Geldingaá og á landskikanum en efni í Ási þótti ekki vænlegt til steypugerðar. Hagkvæmara þótti að að halda efnistöku áfram milli Bakka- og Skorholtsnámu frekar en við Geldingaá þar sem talið er að umhverfisáhrif væru séu minni við að halda

áfram efnistöku á því svæði frekar en að opna nýja námu annars staðar. Auk þess var litið til þess að Hólaskarð er með leyfi til efnistöku í Bakkanámu, innviðir eru til staðar auk tækjabúnaðar.

Sumarið 2020 voru gerðar enn frekari borprófanir í Bakkanámu og í túni milli námanna tveggja. Ástæða prófananna var að meta hversu mikið efni væri enn nýtanlegt úr Bakkanámu, hvernig efnasamsetning efnisins er á túnsvæðinu og hversu mikið magn er nýtanlegt. Alls voru teknar 8 holur á framkvæmdarsvæðinu ([Mynd 2.1](#)). Borprófanir sem teknar voru úr Bakkanámu leiddu í ljós leirlag sem virðist vera undir allri námunni og er námustæðið næstum því komið niður á þetta leirlag í dag. Borprófanirnar sýndu einnig að halli virðist vera á leirlagi. Vestast er grynnt niður á leirlagið en dýpkar svo á því eftir því sem austar dregur og er dýpst niður á leirlagið austast á túni (hola 8).

Holur sem teknar voru á túni (holur 7 og 8) koma vel út og var um 25-27 m niður á leirlag þar. Efnið virtist vera mjög hreint en berggreining ásamt sjónmati sýndu að efnið undir túni svipar til þess efnis sem nú er unnið úr Bakkanámu. Túnið er um 5 ha að stærð en niðurstöður þessarar rannsóknar sína að sé miðað við að meðaldýpt niður á leirlag sé um 26 m og gert sé ráð fyrir eins metra jarðvegsblönduðu efni efst, sé um 1,2 milljón m³ af nýtanlegu efni á nýja svæðinu. Jafnframt sýna niðurstöður rannsóknarinnar að eftir séu um 100 – 200 þúsund m³ af efni í Bakkanámu.

Í ljósi þess að efnistaka hefur verið í Bakkanámu í áratugi liggur fyrir mikið magn af rannsóknum úr námunni. Framkvæmdaraðilar bæði Bakkanámu og Skorholtsnámu hafa rannsakað efnið jafnóðum og námurnar hafa verið unnar í seinni tíð og búa yfir góðum upplýsingum um svæðið. Efnið á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði er að miklu leyti það sama og í Bakkanámu og því mikil vitneskja til um svæðið. Í frummatsskýrslu verður nánar fjallað um jarðefnaeiginleika efnisins í námunni og hvers vegna það hentar vel til steypugerðar.



MYND 2.1 Borholur sem teknar voru sumarið 2020 til að athuga efnisamsetningu og efnismagn á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Mynd: Landmælingar Íslands

2.2.2 Akstur efnis og aðkoma

Náman er staðsett stutt frá Vesturlangsvegi en beygt er af Vesturlandsvegi til vesturs og inn á Melasveitarveg (nr. 505). Eftir um það bil 1 km er komið að beygju til norðausturs þar sem tekur við um 250 m langur vegur um námusvæðið. Efnið er flutt af námusvæði á notkunarstaði með 17 m³ flutningavögnum. Þar sem efnistaka hefur nú þegar farið fram að stórum hluta svæðisins er ekki þörf á að nýir vegir verði gerðir heldur verða núverandi innviðir nýttir.

Töluverð umferð þungaflutningsbifreiða er við framkvæmdarsvæðið. Framkvæmdaraðili hyggst hafa samráð við Vegagerðina og kanna hvort þörf sé á endurbótum á vegamótum Melasveitarvegur og Vesturlandsvegur. Í frummatsskýrslu verður nánar fjallað um staðsetningu efnislagers og tækjabúnaðar sem notaður verður á námuvinnslusvæðinu.

2.2.3 Starfsmannaaðstaða

Gámi verður komið fyrir á framkvæmdarsvæðinu og verður hann notaður sem starfsmannaaðstaða. Einnig verður gámurinn nýttur sem geymsla en leitast verður eftir að geyma sem minnst í gámnum. Verkfæri og annað verður þá sótt í Hólabrú eftir því sem við á.

2.2.4 Rafmagn og ljós

Rafstöð er nú þegar á svæðinu og mun hún vera nýtt við komandi efnistöku. Rafstöðin er þó eingöngu sett í gang þegar á þarf að halda. Ljósurnar verður haldið í algjöru lágmarki og verður eingöngu kveikt á ljósum þegar verið er að vinna á svæðinu. Helst verður þá notast við ljós sem eru á vélunum sjálfum. Vert er að nefna að þar sem náman verður niðurgráfin mun ekki bera mikið á ljósum á framkvæmdarsvæði.

2.3 Valkostir

2.3.1 Aðalvalkostur

Aðalvalkostur felur í sér efnistöku á nýju svæði sem staðsett er á milli Bakkanámu og Skorholtsnámu auk áframhaldandi vinnslu á því efni sem eftir er í Bakkanámu. Í dag er tún á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði og er áætlað að raskað land muni nema um 5 hektörum af túnlandi. Áætluð efnistaka á nýja svæðinu er um 1,2 milljón m³ en einnig er gert ráð fyrir að hægt sé að vinna um 100.000 – 200.000 m³ efnis í Bakkanámu. Gert er ráð fyrir að starfsemin á nýju efnistökusvæði verði unnin á sambærilegan hátt og áður hefur verið í Bakka- og Skorholtsnámu og að gengið verði frá því svæði sem búið er að vinna þegar efnistöku líkur í Bakkanámu.

2.3.2 Aðrir valkostir

Ekki er gert ráð fyrir öðrum valkostum. Rannsóknir hafa nú þegar verið gerðar á svæðinu og liggur fyrir að gott magn af ákjósanlegu efni sé til staðar á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði. Allir innviðir eru til staðar á svæðinu og er ekki neinn ávinningur af því að vinna minna efnismagn þar sem það myndi ekki hlífa neinum náttúruminum. Svæðið er þar að auki að miklu leyti mótað af framgangi mannsins og því ekki verið að raska náttúrulegu umhverfi.

Ekki er talin þörf á því að meta valkosti þess að efnistökusvæðið sé minna en gert er ráð fyrir í þessum drögum. Ástæður þess eru þær að fyrirhuguðu efnismagni er ætlað að mæta eftirspurn á efni auk þess sem það er umhverfisvænna og hagkvæmara að nýta allt það efni sem svæðið hefur upp á að bjóða frekar en að opna fleiri námur annarsstaðar. Þá skiptir heldur litlu máli hvort efni sé sótt grunnt eða djúpt þar sem raskið er það sama. Við staðarval kannaði framkvæmdaraðili þó möguleika þess að stækka námuna, í hektörum talið á kostnað dýpis og forðast þannig að fara niður fyrir grunnvatnsborð svæðisins. Eftir að búið var að athuga efnasamsetningu umhverfis svæðið kom í ljós að sú leið gekk ekki upp þar sem svæðið umhverfis fyrirhugað framkvæmdarsvæði hentar illa til efnisvinnslu, m.t.t. kornastærðar og vatnsinnihalds í jarðvegi.

2.3.3 Núllkostur

Núllkostur felur í sér að ekki verði af fyrirhugaðri framkvæmd og áfram verðu unnið eftir gildandi leyfum þar til þau verða fullnýtt. Eftir að leyfi hafa verið fullnýtt verði gengið frá svæðinu í samræmi við þær áætlanir sem er í gildi varðandi frágang og umgengni.

Með áframhaldandi vinnslu efnis á svæðinu er komið í veg fyrir að hefja þurfi efnistöku á nýjum stað. Stuðlað er að því að tryggja efni á sanngjörnu verði sem unnið er úr námu með tilskilin leyfir þar sem efnistöku er hagað á þann hátt að sem minnst áhrif verði á umhverfið. Stöðvun efnistöku við Bakka- og Skorholtsnámu mun leiða til frekari efnistöku úr öðrum námum, styttingar á endingartíma annarra náma og námuvinnslu á nýjum stöðum. Ef ekki verður að fyrirhugaðri framkvæmd þarf að finna annan efnistökuastað til að anna eftirspurn eftir efni sem Steypustöðin vinnur.

3 FRAMKVÆMDASVÆÐI OG SKIPULAGSÁÆTLANIR

3.1 Staðsetning og staðhættir

Efnisvinnslusvæðið er í landi Skorholts í Melasveit, Hvalfirði. Hopun jökla hefur mótað landslag Melasveitar að miklu leiti en jökulgarðar og malarhjallar eru meðal ummerkja um að skriðjökull hafi gengið yfir landið í lotum. Þar að auki hefur sjávarstaða verið breytileg í gegnum tíðina en sjávarstaða getur hækkað og lækkað með tilliti til hve mikill jökull er á svæðinu. Þetta hefur leitt til þess að láglendi sveitarinnar einkennast að miklu leyti af sjávarseti en Skorholt er staðsett á fornum sjávarsetlögum. Efnisvinnslusvæðið er staðsett sunnan við þá miklu jökulgarða sem liggja vestan undir Hafnarfjalli og suður í átt að Grunnafirði og er í malarhjöllum sem líklega mynduðust við lok síðasta jökulskeiðs [1].

Framkvæmdarsvæðið er um 200 m norðvestan við lögbýlið Skorholt og í um 500 m loftlínu vestur af Vesturlandsvegi. Skorholt er staðsett tæpum 18 km norðan við Akranes og er á milli Akraness og Borgarness ([Mynd 3.1](#)).



MYND 3.1 Staðsetning Bakka- og Skorholtsnámu, merkt með rauðu. Kort: Landmælingar Íslands

Fyrirhugað framkvæmdarsvæði er syðst á Skorholtsmelum, milli tveggja gryfja sem nýttar hafa verið til efnistöku. Landssvæðið hefur að mestu verið nýtt til sauðfjárbeitar til þessa. Á [Mynd 3.2](#) má sjá núverandi ástand á landssvæðinu.



MYND 3.2 Fyrirhugað framkvæmdarsvæði. Horft er til suðvesturs yfir núverandi tún (Mynd: Hólaskarð)

Á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði eru, eins og áður segir, tvö efnistökusvæði fyrir í vinnslu. Í landi Bakka hefur efni verið unnið í nokkra áratugi. Í upphafi hóf Vegagerðin efnistöku á svæðinu og var það efni notað til vegagerðar á svæðinu í kring, seinna tók svo Loftorka í Borgarnesi við vinnslunni og var efnið þá nýtt í steypuframléiðslu. Með kaupum Steypustöðvarinnar á Loftorku árið 2018 fékk Steypustöðin réttinn til að vinna efni í Bakka og hefur gert það síðan í júní 2020. BM Vallá er svo rekstraraðili Skorholtsnámu. Ráðgjafafyrirtækið Environice ehf. er um þessar mundir að vinna mat á umhverfisáhrifum vegna stækkunar á Skorholtsnámu. Áætlað er að raskað land vegna efnistöku í Skortholtsnámu sé nú um 6,5 ha en áætlað er að vinna allt að 2,5 milljón m³ efni úr námunni til viðbótar við þá 455.000 m³ sem nú þegar hafa verið unnir. Áætlað er að raskað land vegna efnistöku í Bakkanámu sé nú þegar um 5-6 ha. Á [Mynd 3.3](#) má sjá yfirlitsmynd af því svæði sem enn er óunnið úr Bakkanámu og fyrirhugað framkvæmdarsvæði.



MYND 3.3 Bakkanáma og fyrirhugað nýtt efnistökusvæði vestan við Bakkanámu, þ.e. vinstra megin á myndinni (Mynd: Hólaskarð).


3.2 Fyrirliggjandi skipulagsáætlanir

3.2.1 Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 en skipulagið var samþykkt af umhverfisráðherra í maí 2010. Á [Mynd 3.4](#) má sjá hluta aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar 2008-2020. Alls eru 31 skilgreint

efnistökusvæði í sveitarfélaginu í því skipulagi. Bakkanáma er þar með tilvísunarnúmer E-1 og er efnisgerð og jarðmyndun flokkuð sem *setnáma-sjávarkambur*. Skorholtsnáma hefur tilvísunarnúmerið E-27 og er einnig flokkuð sem *setnáma-sjávarkambur*. Samkvæmt aðalskipulagi er áætlað að taka um 500-800 þúsund m³ af efni úr Skorholtsnámu og áætluð stærð er 4,8 ha. Í núverandi aðalskipulagi er ekki gert ráð fyrir efnistöku á túninu á milli námanna. Aðalskipulagið gerir ráð fyrir efnistöku á 11,4 ha svæði úr Bakkanámu.

Nýtt aðalskipulag er í vinnslu fyrir Hvalfjarðarsveit og verður gert ráð fyrir námunni í nýju aðalskipulagi.



MYND 3.4 Hluti aðalskipulags Hvalfjarðarsveitar (mynd: Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar)

3.2.2 Deiliskipulag

Ekki liggur fyrir deiliskipulag fyrir framkvæmdarsvæði en þörf er á að svæðið sé deiliskipulagt.

3.3 Eignarhald

Skorholtsnáma og túnið sem stendur á milli námanna eru í landi Skorholts. Bakkanáma er í landi Bakka og segir núverandi samningur við landeigendur að fullvinna skuli efni úr Bakkanámu áður en farið er yfir í land Skorholts. Þegar efnistöku lýkur skal svo ganga frá svæðinu með snyrtilegum hætti og þannig að ekki sé nein fallhætta á svæðinu.

Undirritaður samningur liggur fyrir milli landeiganda Skorholts og Hólaskarðs sem heimilar Hólaskarði efnistöku í landinu.

3.4 Leyfi sem framkvæmdin er háð

Framkvæmdin er háð eftirfarandi leyfum:

Sveitarfélagið Hvalfjarðarsveit: Efnistaka er háð framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins skv. 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands: Starfsleyfi annars vegar vegna starfseminnar (vinnslu jarðefna) og hins vegar vegna uppsetningar kaffiaðstöðu fyrir starfsmenn skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Minjastofnun Íslands: Finnist fornminjar við framkvæmdina eða verði nauðsynlegt að raska fornminjum á svæðinu þarf til samþykki Minjastofnunar Íslands skv. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

4 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

4.1 Tilgangur mats á umhverfisáhrifum

Mat á umhverfisáhrifum er ferli þar sem á kerfisbundinn hátt eru metin þau áhrif sem framkvæmd kann að hafa á umhverfið, áður en tekin er ákvörðun um hvort umrædd framkvæmd skuli leyfð. Mat á umhverfisáhrifum er unnið í samræmi við lög nr. 106/2000 og er matinu ætlað að tryggja að umhverfisáhrif framkvæmda séu innan ásættanlegra marka. Framkvæmdin er matsskyld með tilliti til t.l. 2.01 í 1. viðauka laganna en þar segir að framkvæmdir þar sem áætluð efnistaka er meiri en 150.000 m³ skulu alltaf fara í gegnum mat á umhverfisáhrifum. Markmið laganna eru:

- a. að tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar,
- a. að draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar,
- b. að stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmda sem falla undir ákvæði laganna,
- c. að kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem falla undir ákvæði laganna og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum áður en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir.

4.2 Framkvæmdaþættir sem hafa áhrif á umhverfið

Hér verður fjallað lauslega um helstu þætti framkvæmdarinnar sem geta valdið umhverfisáhrifum.

4.2.1 Jarðrask af völdum efnistöku

Beint rask verður á því svæði sem fyrirhugað er að nýta til efnisstöku. Þar munu gróður og jarðlög verða fyrir varanlegu raski. Við efnisnám breytist ásýnd svæðisins til frambúðar.

4.2.2 Verkbættir á framkvæmdatíma og umferð á rekstartíma

Á rekstartíma er notast við tækjabúnað og vinnuvélar við efnisvinnslu. Að auki getur umferð samhliða starfseminni falið í sér áhrif á loftgæði og hljóðvist.

4.3 Afmörkun áhrifasvæðis framkvæmdar

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar er það svæði sem ætla má að áhrifa af völdum framkvæmdarinnar gæti, bæði á framkvæmdatíma og á rekstartíma:

- Bein áhrif á umhverfið: Við afmörkun áhrifasvæðis vegna beinna áhrifa af völdum jarðraskis á gróðurfar og jarðmyndanir er miðað við 50 metra svæði út fyrir afmarkað framkvæmdasvæði.
- Áhrif á landslag/sjónræna þætti og áhrif á framkvæmdatíma: Áhrifa gættir út fyrir hið beina áhrifasvæði. Annars vegar er um að ræða áhrif frá umferð til og frá námu og hins vegar sjónræn áhrif, en efnistökusvæðið er sýnilegt af svæði sem er stærra heldur en beina áhrifasvæðið. Í frummatsskýrslu verður lagt mat á þetta áhrifasvæði.

4.4 Umhverfisþættir sem geta orðið fyrir áhrifum

Þeir umhverfisþættir sem talið er að geti orðið fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar, á framkvæmda- eða rekstartíma, eru:

- Jarðfræði og jarðmyndanir
- Landslag og sjónrænir þættir
- Hljóðvist og umferð
- Gróður og vistgerðir
- Áhrif vegna foks
- Samfélag og atvinnulíf
- Fornminjar
- Vatnsvernd

4.5 Umhverfisþættir sem fjallað verður um í frummatsskýrslu

Hér á eftir verður stuttlega fjallað um þá umhverfisþætti sem talin er ástæða til að fjalla um í frummatsskýrslu. Gerð verður grein fyrir þeim rannsóknnum sem þegar hafa verið framkvæmdar eða eru fyrirhugaðar og áætlaðri umfjöllun í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu verður lögð fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa, eftir því sem þar á við.

Mat á áhrifum framkvæmdarinnar á einstaka umhverfisþætti kemur til með að byggja á framlögðum matsspurningum, viðmiðum úr stefnuskjölum stjórnvalda, lögum og reglugerðum, fyrirliggjandi gögnum sem og nýjum sem aflað verður í matsferlinu. Mat á einkennum og vægi áhrifa mun byggja á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar þar um.

Eins og áður segir er BM Vallá að vinna umhverfismat vegna áframhaldandi efnistöku í Skorholtsnámu á sama tíma og umhverfismat þetta er unnið. Áætlað er að rask á landi vegna þeirrar efnistöku verði um 6,5 ha og er miðað við að vinna um 2,5 milljón m³ af efni næstu 30-40 ár. Nú þegar hefur verið unnið um 455.000 m³ af efni. Í frummatsskýrslu verður gert grein fyrir samlegðaráhrifum framkvæmdanna á umhverfisþætti þar sem á við.

4.5.1 Jarðfræði og jarðmyndanir

4.5.1.1 Áhrif framkvæmdar

Efnistaka getur haft varanleg áhrif á jarðfræði og jarðmyndanir svæðisins.

Jarðfræði námunnar er þó vel þekkt eftir áratugi af efnistöku. Einnig hafa jarðfræðingar Steypustöðvarinnar nýlega gert jarðkönnun á námunni þegar verið var að staðfesta fýsileika áframhaldandi efnistöku úr námunni. Gerð verður grein fyrir niðurstöðum þessarar jarðkönnunar og jarðfræði námunnar í frummatsskýrslu.

4.5.1.2 Matsspurningar

- a) Hvaða áhrif mun efnistaka hafa á jarðfræði og jarðmyndanir svæðisins?

4.5.1.3 Aðferðafræði rannsókna

Jarðfræðingar munu greina niðurstöður jarðkannana sem teknar voru fyrr á þessu ári enn frekar og verður metið hver áhrif efnistökkunnar er á jarðfræði og jarðmyndanir svæðisins. Einnig verður kannað hvort á svæðinu séu jarðminjar sem njóta verndar eða hvort jarðfræði svæðisins sé einstök.

4.5.2 Landslag og sjónrænir þættir

4.5.2.1 Áhrif framkvæmdar

Möguleg áhrif á landslag og sjónræna þætti tengjast einkum efnistökkunni sjálfri og námunni sem myndast við efnistökkuna. Náman mun sjást frá aðliggjandi svæðum og verða sjónræn áhrif metin.

4.5.2.2 Matsspurningar

- a) Hvaðan mun sjónrænna áhrifa gæta sökum námunnar?

4.5.2.3 Aðferðafræði rannsókna

Fjallað verður um áhrif efnistökkunnar á landslag og sjónræna þætti. Metið verður út frá völdum stöðum hvaða áhrif vinna við efnistöku hefur og áhrif námunnar sjálfrar á ásýnd svæðisins. Í frummatsskýrslu verður fjallað um einkennandi þætti í landslaginu og hver möguleg áhrif efnistökkunnar verða á ásýnd þeirra auk rökstuðning á vali einkennandi þátta. Leitað verður leiða til að ásýnd námunnar falli sem best að landslagi sínu eftir að framkvæmdartíma lýkur. Vesturlandsvegur liggur í nágrenni námunnar og verður horft sérstaklega til áhrifa á ásýnd frá veginum en lítið sem ekkert sést til námunnar frá honum. Gert verður grein fyrir sjónrænum áhrifum á myndrænan hátt með líkanmyndum eða einföldum skýringarmyndum. Í frummatsskýrslu verður fjallað um bæði núverandi áhrif á ásýnd vegna efnistökkunnar sem og fyrirhugaðra áhrifa. Einnig verður fjallað ítarlega um frágang námunnar og hvernig reynt verði að fella svæðið sem best að aðliggjandi umhverfi. Birt verður loftmynd sem sýnir nákvæma stækkun efnissvæðisins sem og aðra aðstöðu sem mögulega þarf vegna framkvæmdarinnar.


Í samráði við landeigendur verður mótuð stefna um hvernig jarðvegsmanir verði reistar, þ.e hvernig þær muni líta út og hvernig frá þeim verður gengið með tilliti til ásýndar og bindingar jarðvegs.

Framkvæmdaraðili hefur þó áform um setja manir upp eins fljótt og hægt er, og græða þær upp og koma þannig í veg fyrir að náman sjáist frá Vesturlandsvegi.

4.5.3 Áhrif vegna foks

4.5.3.1 Áhrif framkvæmdar

Það má gera ráð fyrir því að alltaf sé einhver hættu á foki jarðefna við efnistöku. Helsta orsök þess er að ryk þyrlast upp við efnistöku sjálfa og við umferð vinnuvéla um svæðið. Við ákveðnar veðuraðstæður má gera ráð fyrir meira foki en annars, svo sem við löng þurrkatímabil og í vindasömu veðri. Dæmi eru um að sandfok hafi valdið óþægindum og jafnvel skemmdum á eignum á nærliggjandi jörðum. Klæðningar húsa og ökutækja bera merki þess að sandfok eigi sér stað á svæðinu en þekkt er að mjög hvasst getur orðið á svæðinu. Samkvæmt vindatlas Veðurstofu Íslands eru austan- og suðaustanáttir ríkjandi ([Mynd 4.1](#)).



MYND 4.1 Skjáskot úr vindatlas Veðurstofu Íslands. Framkvæmdarsvæði er auðkennt með rauðum punkti

4.5.3.2 Matsspurningar

- Hvenær má helst búast við áhrifum vegna sandfoks?
- Hverjir eru líklegir til að verða fyrir óþægindum sökum sandfoks frá framkvæmdarsvæðinu?

4.5.3.3 Aðferðafræði rannsókna

Við greiningu á áhrifum sökum sandfoks verður stuðst við veðurgögn frá Veðurstofu Íslands til að meta áhrifasvæði vegna foks eftir vindáttum. Samráð veður haft við landeigendur nærliggjandi jarða til að fá upplýsingar um hvenær þeir hafi helst orðið varir við sandfok. Gert verður grein fyrir helstu uppsprettum ryks vegna starfsemi í námunni og efnisflutninga. Í frummatsskýrslu verða lagðar fram tillögur að mótvægisáðgerðum til að draga úr neikvæðum áhrifum eins og kostur er.

4.6 Umhverfisþættir sem ekki er talin þörf á að skoða nánar í frummatsskýrslu

4.6.1 Gróður og vistgerðir

Á fyrirhuguðu efnistökusvæði mun gróður, jarðlög og vistgerðir verða fyrir beinu og varanlegu raski. Framkvæmdarsvæðið er ekki innan marka votlendissvæða og nýtur því ekki sérstakrar verndar skv. 61 gr. laga um náttúruvernd [2]. Vistgerðarvefsjá Náttúrufræðistofnunar Íslands skilgreinir vistgerðir svæðisins sem *Tún og akurlendi* og vistlendi sem *aðrar landgerðir* [3]. Svæðið umhverfis námuna hefur því ekkert verndargildi og er að mestu mótað af athöfnum mannsins. Því er ekki talið nauðsynlegt að gera frekara mat á áhrifum framkvæmdarinnar á gróður og vistgerðir.

4.6.2 Hljóðvist og umferð

Ætla má að áhrif efnistöku á umræddu svæði á hljóðvist og umferð séu nú þegar komin fram. Hávaði vegna framkvæmdarinnar tengist fyrst og fremst ofannýtingu, mölun efnis og hávaða frá öðrum vinnuvélum. Ekki er talið að umrædd framkvæmd komi til með að auka áhrif á hljóðvist frá því sem verið hefur og því ekki talin ástæða til að meta þann umhverfisþátt frekar. Ekki er heldur gert ráð fyrir að umferð um efnistökusvæðið muni aukast og því ekki talin þörf á að fjalla ítarlega um áhrif umferðar. Framkvæmdaraðila er þó umhugað um umferðaröryggi á svæðinu og mun hafa samráð við Vegagerðina og fá álit á hvort ráðgert sé að gera endurbætur á vegamótum við Þjóðveg 1, m.t.t. umferðaröryggis. Í frummatsskýrslu verður fjallað nánar hvernig ástand hljóðvistar og umferðar er nú þegar, þ.e. grunnástandið.

4.6.3 Samfélag og atvinnulíf

Áhrif á samfélag og atvinnulíf verða ekki metin sérstaklega en gera má ráð fyrir að áhrif framkvæmdar á samfélag felist einkum í áhrifum á íbúa, atvinnusköpun og möguleika á að nálgast hráefni í steypugerð fyrir nærliggjandi sveitir. Áhrif þykja því líklega til að vera jákvæð frekar en neikvæð og ekki þörf á ítarlegri umfjöllun. Efnistaka hefur farið fram í sátt við landeigendur í áratugi og ekki talið líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni breyta því, sér í lagi þar sem reiknað er með að efnistaka frá nýju efnistökusvæði leysi núverandi efnistökusvæði í Bakkanámu af hólmi.

4.6.4 Vatnsvernd

Svæðið er ekki á vatnsverndarsvæði og því ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um vatnsvernd í frummatsskýrslu. Í frummatsskýrslu verður þó umfjöllun um grunnvatnsborð svæðisins og námunar.

Eins og segir í kafla 2.2 þá eru líkur á að grunnvatn muni safnast saman þegar náman hefur verið unnin niður fyrir ákveðið dýpi og verði þörf á að vatn verði ræst fram úr námunni til að hægt sé að vinna efni á fullt dýpi. Mælingar eru nú hafnar og er verið að hanna leiðir til að dreina námuna til að sporna gegn tjarnarmyndun.

Lítill vinna mun fara fram í námunni sjálfri. Efni verður flutt í Hólabrúnámu, þar sem framkvæmdaraðili er nú þegar með aðstöðu til að vinna efni og efnið unnið þar. Mengunarvaldar verða því fáir á námunni sjálfri og hætta á mengun grunnvatns hverfandi. Eftirfarandi tæki verða á svæðinu í vinnu; Frontier Keestrack K6 færarleg harpa, Komatsu PC 490 LC beltagrafa, Volvo L180H hjólaskófa og síðan umferð dráttarbíla til að ná í efnið. Öll tæki sem Hólaskarð notar eru nýleg og fylgja fyrirfram ákveðnu viðhalds- og þjónustukerfi. Nánar verður fjallað um þá framræsinguna í frummatsskýrslu.

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands veitir starfsleyfi fyrir efnistökunni og það verða settar fram kröfur um starfsæhætti og mögulegar mótvægisáðgerðir sem framkvæmdaraðili mun fylgja.

4.6.5 Fornminjar

Á sveitarfélagsuppdrætti Hvalfjarðarsveitar eru þjóðminjaverndarsvæði skilgreind eftir gögnum frá Minjastofnun Íslands. Engar minjar er að finna á, eða í grennd við fyrirhugað framkvæmdarsvæði, ([Mynd 3.4.](#)) Þá hefur framkvæmdarsvæðinu verið raskað að miklu leiti nú þegar með landmótun og túngerð og líklegt að áhrif á fornminjar væru nú þegar komnar fram.. Því er ekki talin þörf á ítarlegri umfjöllun þar um. Ef í ljós koma áður óþekktar fornminjar munu framkvæmdaraðilar hafa samráð við Minjavörð Vesturlands um áðgerðir. Þar að auki verða lög nr. 80/2010 um menningarminjar hafðar til hliðsjónar.

5 KYNNING OG SAMRÁÐ

5.1 Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun

Almenningi, hagsmunaaðilum og lögbundnum umsagnaraðilum gafst tækifæri til að kynna sér framkvæmdina og koma með athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun áður en þeim var skilað inn til Skipulagsstofnunar til formlegrar umfjöllunar. Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum var tveggja vikna frestur gefinn til að skila inn athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun. Kynning á drögum að tillögu að matsáætlun voru auglýst í Skessuhorni og Fréttablaðinu. Birtist auglýsing í þessum miðlum 3. febrúar 2021. Tillagan var aðgengileg á vef EFLU verkfræðistofu (www.efla/umhverfismat) og heimasíðu Hólaskarðs (www.holaskard.is). Athugasemdarfrestur var til 18. febrúar 2021 og bárust athugasemdir frá Bergþóri og Björgvini Helgasonum en þeir eru landeigendur að jörðinni Bakka. Athugasemdir þeirra, auk svara framkvæmdaraðila, má nálgast í viðauka.

5.2 Tillaga að matsáætlun

Hólaskarð ehf. hefur nú sent tillögu að matsáætlun til Skipulagsstofnunar. Þaðan verður tillagan send lögbundnum umsagnaraðilum til umsagnar og þurfa svör þeirra að berast innan þess frests sem stofnunin veitir. Allir hafa rétt til að senda Skipulagsstofnun skriflegar athugasemdir við tillögu að matsáætlun innan gefins frests. Að kynningartíma loknum tekur Skipulagsstofnun ákvörðun um matsáætlunina með eða án athugasemda.

5.3 Kynning á frummatsskýrslu

Þegar Hólaskarð ehf. hefur lagt mat á umhverfisáhrif í samræmi við endanlega matsáætlun er gerð grein fyrir niðurstöðum matsins í frummatsskýrslu. Áætlað er að skila frummatsskýrslu til meðferðar hjá Skipulagsstofnun í júní 2021. Niðurstöður matsvinnunnar verða kynntar almenningi í samráði við Skipulagsstofnun á kynningartíma frummatsskýrslunnar. Frummatsskýrslan verður auglýst og gerð aðgengileg á opinberum stöðum auk þess að vera aðgengileg á veraldarvefnum.

6 HEIMILDASKRÁ

[1] Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020, 2010.

[2] Náttúrufræðistofnun Íslands, Sérstök vernd náttúrufyribæra, <https://serstokvernd.ni.is/>.

[3] Náttúrufræðistofnun Íslands, Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi, <https://vistgerdakort.ni.is/>.

VIÐAUKI A ATHUGASEMDIR VIÐ DRÖG AÐ TILLÖGU AÐ MATSÁÆTLUN

A.1 Athugasemdir Bergþórs Helgasonar og Björgvins Helgasonar, landeigenda að jörðinni Bakka, dags. 17. febrúar 2021

Minnisblað

Vegna: Bakka- og Skorholtsnáma – Efnistaka “Drög að tillögu að matsáætlun”

Dags. 17.febrúar 2021

Viðtakandi: EFLA verkfræðistofa, Aron Geir Eggertsson

Ábendingar og atriði sem nauðsynlegt er að verði tekin til skoðunar við mat á framkvæmd:

Mynd 1.1, myndin er ekki ný og sýnir ekki nákvæmlega það svæði sem búið er að raska en búið er að draga inn línur á myndina sem er aftar í þessu minnisblaði.

Í lið 2.2 er prentvilla í línu 5 stendur “áætlað magn eru 100-200m³” en á líklega að standa 100-200þús m³

Í málsgrein 2.2. stendur jafnframt:

„Jarðveginum sem er rutt ofan af svæðinu er svo komið fyrir í mön við veginn bæði til að geyma jarðveg og til þess að minnka sjónræn áhrif, jarðveginum er svo dreift yfir svæðið þegar efnistöku er lokið“.

Nauðsynlegt er að mótuð sé stefna um hvernig svæðið eigi að lita út eftir að efnistöku er lokið. Til að mynda hvernig ofangreind jarðvegsmön verði mótuð, í hvaða áföngum og hvernig frágangi hennar skuli háttað. M.a. til þess að:

- Ásýnd jarðvegsmanarinnar og svæðisins verði sem best
- Gengið verði frá yfirborði manar og því lokað með uppgræðslu sem fyrst til þess að lágmarka fok á sandi og finefnum úr henni
- Greina í hvaða áföngum er best að ýta/moka ofan af nýju efnistökusvæði og móta mön

Mikilvægt er að taka þessi atriði til skoðunar þar sem námurnar taka yfir talsvert stórt landsvæði og ásýnd þeirra hefur talsverð sjónræn áhrif. Meta þarf hvort ekki sé æskilegt að sú jarðvegsmön sem verði gerð sé hönnuð og mótuð þannig að hún muni standa til framtíðar, eftir að efnistöku hefur verið hætt. Með því móti er ef til vill dregið úr neikvæðri ásýnd svæðisins. Æskilegt getur verið að hluti efnis sem fjarlægja þarf af yfirborði efnistökusvæðis sé geymdur norðan megin efnistökusvæðisins til að minnka fok og sjónræn áhrif. Að mati undirritaðra færi best á því að hæð og lögun jarðvegsmanar sunnan megin efnistökusvæðisins sé áþekkt að gerð og sú mön sem þegar er komin við námu í landi Bakka, enda er hún í beinu framhaldi af henni. Þá þarf einnig að móta stefnu í samráði við landeigendur og gera grein fyrir hvernig gengið verður frá jarðvegi sem búið er að moka upp norðan megin við Bakkanámu.

Í málsgrein 4.6.2 “Áhrif vegna foks”, kemur fram að fok hafi ekki verið vandamál til þess. Sú fullyrðing stenst ekki því dæmi eru um sandfok sem valdið hefur óþægindum og þekkt eru dæmi um skemmdir vegna þessa á ökutæki sem fóru um “eldri veg”, sem lá meðfram Skorholtsnámu. Þá bera byggingar í landi Bakka sem standa næst vegi, þess glögg merki að sandfok hefur dunið á klæðningum þeirra vegna foks á sandi frá Bakkanámu.

Þekkt er að mjög getur hvesst á þessu svæði í norð-austan átt. M.t.t. ofangreindra þátta er nauðsynlegt að taka þessi atriði til skoðunar og hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að lágmarka áhrif vegna foks.

4.6.3 Hljóðvist og umferð. Eðlilegt er að reynt verði að áætla umfang þeirra þungaflutninga sem eru frá námunum á svæðinu og fá álit Vegagerðarinnar hvort mögulega sé æskilegt að endurbæta vegamót við Þjóðveg 1, m.t.t. umferðaröryggis.

Ábending um landsvæði

Loftmynd hér fyrir neðan, er tekin af kortasjá. Búið er afmárka 3 svæði.

Svæði 2 og 3 er nokkurn veginn á þeim mörkum sem búið er að raska í Bakkanámu og svæði 1 er nokkurn veginn eins og sýnt er í “drög að tillögu að matsáætlun”, nema efri lína hefur verið færð á móts við Bakkanámu.

Svæði 2 er eystri hluti Bakkanámu, loftmynd sem er í “drögum að tillögu að matsáætlun” nær ekki að afmarka það svæði sem búið er að raska í dag. Á nyrsta hluta á svæði 2 hefur verið mokað upp jarðvegi sem eftir er að ganga frá og að hluta af svæðinu er búið að taka efni úr námu. Svæði 3 er vestari hluti Bakkaámu og Svæði 1 er í landi Skorholts.

Í Bakkanámu, meðfram Melasveitarvegi er jarðvegsmön sem gerð var fyrir þónokkrum árum síðan líkt og áður hefur verið getið.



Að lokum:

Að mati undirritaðra geta komið upp atriði á síðari stigum sem kunni að þurfa að taka til frekari skoðunar og áskiljum við okkur því rétt til að koma fram með ábendingar á síðari stigum. Að okkar mati er nauðsynlegt að farin sé vettvangsferð með landeigendum um efnistökusvæðið og þeirra álits leitað vegna umhverfislegra þátta sem efnistakan kann að hafa áhrif á.

Undirritaðir vilja eiga gott samráð við þá aðila sem vinna matið og óska jafnframt eftir því að vera vel upplýstir um áætlanir og allar tillögur að mótun svæðisins.

Virðingarfyllst:

Bergþór Helgason

Björgvin Helgason

Landeigendur að jörðinni Bakka

VIÐAUKI B SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA VIÐ ATHUGASEMDUM

Nr.	Athugasemd	Svar framkvæmdaraðila
1	Bergþór Helgason og Björgvin Helgason, landeigendur að jörðinni Bakka	
1.1	„Mynd 1.1, myndin er ekki ný og sýnir ekki nákvæmlega það svæði sem búið er að raska en búið er að draga inn línur á myndina sem er aftar í þessu minnisblaði“	Framkvæmdaraðili þakkar ábendingun. Jafnframt bendir framkvæmdaraðili á að sú mynd sem birt verður í matsáætlun skuli sýna hvar áætluð efnistaka skuli fara fram. Svæðið nyrst í Bakkanámu sem landeigendur setja á sína mynd mun ekki verða nýtt á neinn hátt og því telur framkvæmdaraðili ekki rétt að setja það innan marka efnistökusvæðis.
1.2	„Í lið 2.2 er prentvilla. Í línu 5 stendur „áætlað magn eru 100-200m ³ en á líklega að standa 100-200 þúsund m ³ “	Framkvæmdaraðili þakkar ábendinguna. Prentvillan verður lagfærð fyrir útgáfu tillögu að matsáætlun.
1.3	<p>„Í málsgrein 2.2 stendur jafnframt „Jarðveginum sem er rutt ofan af svæðinu er svo komið fyrir í mön við veginn bæði til að geyma jarðveg og til þess að minnka sjónræn áhrif, jarðveginum er svo dreift yfir svæðið þegar efnistöku er lokið“. Nauðsynlegt er að mótuð sé stefna um hvernig svæðið eigi að líta út eftir að efnistöku er lokið. Til að mynda hvernig ofangreind jarðvegsmön verði mótuð, í hvaða áföngum og hvernig frágangi hennar skuli háttað. M.a. til þess að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Ásýnd jarðvegsmanarinnar og svæðisins verði sem best • Gengið verði frá yfirborði manar og því lokað með uppgræðslu sem fyrst til þess að lágmarka fok á sandi og fínefnum úr henni • Greina í hvaða áföngum er best að ýta/moka ofan af nýju efnistökusvæði og móta mön <p>Mikilvægt er að taka þessi atriði til skoðunar þar sem námurnar taka yfir talsvert stórt landsvæði og ásýnd þeirra hefur talsverð sjónræn áhrif. Meta þarf hvort ekki sé æskilegt að sú jarðvegsmön sem verði</p>	<p>Í kafla 2.2 kemur eftirfarandi fram strax að lokinni þeirri málsgrein sem athugasemd vitnar í:</p> <p>„Í frummatsskýrslu verður sett fram áætlun um vinnslu í námunni þar sem fjallað verður um afmörkun, vinnslutíma, vinnslutilhögun, vinnsluaðferðir, aðstöðu verktaka og frágangsaætlun.“</p> <p>Við þessa setningu hefur verið bætt við að þróuð verði stefnumótun varðandi jarðvegsmanir í samráði við landeigendur nærliggjandi jarða.</p> <p>Vakin er athygli á því að í kafla 4.5.2.3 er sagt:</p> <p>„ Í frummatsskýrslu verður fjallað um einkennandi þætti í landslaginu og hver möguleg áhrif efnistökkunnar verða á ásýnd þeirra. Leitað verður leiða til að ásýnd námunnar falli sem best að landslagi sínu eftir að framkvæmdartíma lýkur.“</p>

	<i>gerð sé hönnuð og mótuð þannig að hún muni standa til framtíðar, eftir að efnistöku hefur verið hætt. Með því móti er ef til vill dregið úr neikvæðri ásýnd svæðisins. Æskilegt getur verið að hluti efnis sem fjarlægja þarf af yfirborði efnistökusvæðis sé geymdur norðan megin efnistökusvæðisins til að minnka fok og sjónræn áhrif. Að mati undirritaðra færi best á því að hæð og lögun jarðvegsmanar sunnan megin efnistökusvæðisins sé áþekkt að gerð og sú mön sem þegar er komin við námu í landi Bakka enda er hún í beinu framhaldi af henni. Þá þarf einnig að móta stefnu í samráði við landeigendur og gera grein fyrir hvernig gengið verður frá jarðvegi sem búið er að moka upp norðan megin við Bakkanámu.“</i>	<p>Í samræmi við athugasemd hefur eftirfarandi málsgrein einnig verið bætt við kafla 4.5.2 Landslag og sjónrænir þættir“</p> <p>„Í samráði við landeigendur verður mótuð stefna um hvernig jarðvegsmanir verði reistar, þ.e hvernig þær muni líta út og hvernig gengið verður frá þeim með tilliti til ásýndar og bindingu jarðvegs.“</p>
1.4	<i>„Í málsgrein 4.6.2 „áhrif vegna foks“, kemur fram að fok hafi ekki verið vandamál til þess. Sú fullyrðing stenst ekki því dæmi eru um sandfok sem valdið hefur óþægindum og þekkt eru dæmi um skemmdir vegna þessa á ökutæki sem fóru um „eldri veg“, sem lá meðfram Skorholtsnámu. Þá bera byggingar í landi Bakka sem stand næst vegi, þess glögg merki að sandfok hefur dunið á klæðningunum þeirra vegna foks á sandi frá Bakkanámu. Þekkt er að mjög getur hvesst á þessu svæði í norð-austan átt. M.t.t. ofangreindra þátta er nauðsynlegt að taka þessi atriði til skoðunar og hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að lágmarka áhrif vegna foks“</i>	Framkvæmdaraðili var ekki meðvitaður um þetta vandamál og þakkar fyrir ábendinguna. Kaflinn „áhrif vegna foks“ hefur verið uppfærður og skilgreindur sem umhverfisþáttur sem fjallað verður ítarlega um í frummatsskýrslu, auk þess sem horft verður til þess hvaða mótvægisáðgerða mögulegt sé að grípa til.
1.5	<i>„4.6.3 Hljóðvist og umhverfi. Eðlilegt er að reynt verði að áætla umfang þeirra þungaflutninga sem eru frá námunum á svæðinu og fá álit Vegagerðarinnar hvort mögulega sé æskilegt að endurbæta vegamót við Þjóðveg 1, m.t.t. umferðaröryggis.</i>	Ekki er gert ráð fyrir að áhrif á hljóðvist og umferð muni aukast frá því sem verið hefur og því ekki talin sérstök þörf á að meta þann umhverfisþátt frekar. Þrátt fyrir að svo sé er mikilvægt að tryggja umferðaröryggi á svæðinu og mun framkvæmdaraðili hafa samráð við Vegagerðina um það hvort til standi að fara út í endurbætur á vegamótum við Þjóðveg 1.
1.6	<i>„Ábending um landssvæði Loftmynd hér að neðan, er tekin af kortasjá (sjá viðauka A.1). Búið er að afmarka 3 svæði.</i>	Framkvæmdaraðili þakkar ábendinguna. Framkvæmdaraðili bendir jafnframt á að myndinni, sem um ræðir, er ekki ætlað að sýna það svæði sem nú þegar hefur verið raskað. Myndin er yfirlitsmynd af fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði þar sem gult svæði markar það svæði sem enn er

	<p><i>Svæði 2 og 3 er nokkurn veginn á þeim mörkum sem búið er að raska í Bakkanámu og svæði 1 er nokkurn veginn eins og sýnt er í „drög að tillögu að matsáætlun“, nema efri lína hefur verið færð á móts við Bakkanámu.</i></p> <p><i>Svæði 2 er eystri hluti Bakkanámu, loftmynd sem er í „drög að tillögu að matsáætlun“ nær ekki að afmarka það svæði sem búið er að raska í dag. á nyrsta hluta á svæði 2 hefur verið mokað upp jarðvegi sem eftir er að ganga frá og að hluta af svæðinu er búið að taka efni úr námu. Svæði 3 er vestari hluti Bakkanámu og svæði 1 er í landi Skorholts.</i></p>	<p>óunnið úr Bakkanámu og rautt svæði markar þá efnistöku sem fyrirhuguð er í landi Skorholts, sbr. svar við lið 1.1</p> <p>Í frummatsskýrslu verður nánar fjallað um hvernig gengið verður frá lausum jarðvegi, sbr svar við athugasemd 1.3.</p>
1.8	<p><i>Að lokum:</i></p> <p><i>Að mati undirritaðra geta komið upp atriði á síðari stigum sem kunni að þurfa að taka til frekari skoðunar og áskiljum við okkur því rétt til að koma fram með ábendingar á síðari stigum. Að okkar mati er nauðsynlegt að farin vettvangsferð með landeigendum um efnistökusvæðið og þeirra álits leitað vegna umhverfis þátta sem efnistakan kann að hafa áhrif á.</i></p> <p><i>Undirritaðir vilja eiga gott samráð við þá aðila sem vinna matið og óska jafnframt eftir því að vera vel upplýstir um áætlanir og allar tillögur að mótun svæðisins.</i></p>	<p>Framkvæmdaraðili þakkar athugasemdir og ábendingar sem bárust frá jarðareigendum Bakka og tekur undir þau orð að mikilvægt sé að gætt sé að samráði við gerð umhverfismatsins. Gott samráð leiðir til þess að niðurstöður umhverfismats verða áreiðanlegri og markvissari.</p> <p>Jafnframt vekur framkvæmdaraðili athygli á því að nú hafa einungis drög að tillögu að matsáætlun verið auglýst en drögin eru hugsuð sem verkáætlun fyrir komandi mat. Með auglýsingu draganna er óskað eftir athugasemdum frá almenningi sem síðan verður stuðst við á seinni stigum matferlisins. Við tekur hefðbundið matsferli þar sem almenningur fær tækifæri til að leggja fram athugasemdir við matsvinnuna á nýjan leik, bæði þegar tillaga að matsáætlun verður auglýst en einnig á seinni stigum, þegar frummatsskýrsla fer í kynningarferli.</p>